

Morgunblaðið, 31.10.2026, síðu 50.
grein stærð: 1004.51 sm2
grein hæð: 38.61 sm

„Barátta að ná þessum myndum“

● Hrafnkell Sigurðsson með yfirlitssýningu á Kjarvalsstöðum ● „Það er hugmyndin sem dregur mig áfram“ ● „Maður gerir ekkert ráð fyrir veseninu og heldur alltaf að þetta verði ekkert mál“

VIÐTAL

María Margrét Jóhannsdóttir
mariamargret@mbl.is

„Þessi sýning hefur mjög mikla þýðingu fyrir mig og er stór áfangi fyrir mig persónulega. Það að geta sett verkin sín saman, sem spanna svona langt tímabil, og skapað eina stóra heildarmynd er mjög áhrifarík og sterk upplifun. Á sama tíma er þetta mikill léttir fyrir mig, mér líður eins og ég sé að klára eitthvað og hefja nýtt tímabil sem listamaður,“ segir Hrafnkell Sigurðsson en í dag verður opnuð yfirlitssýning á verkum hans á Kjarvalsstöðum sem ber heitið *X*. Hrafnkell er tíundi listamaðurinn sem valinn er til þátttöku í sýningarröð Listasafns Reykjavíkur þar sem farið er yfir feril lykilpersóna í íslensku listalífi. Hrafnkell útskrifaðist úr MHÍ árið 1986, stundaði framhaldsnám við Jan Van Eyck-akademíuna í Maastricht og lauk meistaragráðu í myndlist frá Goldsmiths-háskólanum í London árið 2002. Ljósmyndun hefur verið hans meginmiðill þótt hann hafi einnig unnið í öðrum miðlum svo sem vídeó, skúlptúr og innsetningum.

Leyniþræðir á sýningunni

Aðspurður segir Hrafnkell margt hafa komið á óvart við undirbúning sýningarinnar og að þurfa að fara í gegnum ferilinn. „Það eru einhverjir leyniþræðir sem ég hafði ekki endilega áttað mig á. Það hvernig ég leita ósjálfrátt alltaf í það sama aftur og aftur. Ég er endalaust að velta fyrir mér hlutum og skoða þá út frá öllum hliðum þar til mér loks dettur í hug að taka myndir af þeim. Stundum eru þetta hlutir sem ég hef starað á í fimm ár áður en ég loks fer að hugsa um að þetta geti orðið að myndlistarverki. Þetta kemur úr undirmeðvitundinni og á rölti um umhverfið, vex og þróast. Ég fer sjaldnast af stað með fullgerða hugmynd í kollinum.

Taka má sem dæmi eldri ljósmyndaverk mín sem sýna snjóhrúgur en eru sett fram sem landslagsmyndir. Mér fannst ekkert spennandi að taka bara mynd af fjalli en heillaðist frekar af snjóhrúgum sem voru á Selfossi árið 1997. Þarna myndaðist líka áhugaverð spenna í verkinu. Þetta voru bara einhverjar aumar snjóhrúgur sem enginn spáir í og hverfa að lokum á meðan landslag er eitthvað sem er búið að vera til í þúsundir ára. Það fléttast inn í verkin einhverjar tilvistarlegar vangaveltur og vísanir í listasöguna og myndlistarhefð.“

Morgunblaðið/Karítas

Ljósmynd **„Ég er endalaust að velta fyrir mér hlutum og skoða þá út frá öllum hliðum,“ segir Hrafnkell.**

Ljósmynd/Hrafnkell Sigurðsson

Efni **Hrafnkell leikur sér með andstæður eins og gerviefni í náttúrunni.**

Þurfti að læra að kafa

Hrafnkell segir að ljósmyndun sé miðill sem henti sér mjög vel. „Maður er í vissum skilningi fljótur að fá niðurstöðu en aftur á móti hef ég lent í því að vinna að sama verki í fleiri ár og það sem í fyrstu leit út fyrir að vera einfalt verkefni reyndist töluvert flóknara og umfangsmeira. Eins og til dæmis verkið „Afhjúpun“ þar sem ég mynda bóluplast undir vatnsyfirborði Kleifarvatns. Ég hélt að það yrði ekkert mál, bara henda plasti ofan í gjá, hringja í kafara og smella af nokkrum myndum. En svo tók þetta heil tvö ár því ég þurfti t.d. að læra að kafa og huga að ótal þáttum.

Það var gríðarleg barátta að ná þessum myndum en ég var alltaf með þessa tilfinningu að það væri eitthvað áhugavert þarna sem væri alveg að koma og hélt áfram þar til það tókst. Þessi tilfinning er mjög góð, að eitthvað sé þarna rétt innan seilingar. Það er bara vinna að sækja það.“

Hvað er málið með rusl?

Í verkum sínum tekst Hrafnkeli að fanga fegurð hluta sem almennt þykja ljótir eins og t.d. rusl.

Hvað var það við rusl sem fangaði athygli þína?

„Á þeim tíma bjó ég í London og mér varð oft starsýnt á ruslapoka og var alltaf eitthvað að spá í þeim. Ég prófaði að taka mynd af þeim og eitt leiddi af öðru. Það opnaðist nýr heimur mynda og ég fór einnig að beina athyglinni að sjálflýsandi göllum sorphirðumanna og vann verk út frá því,“ segir Hrafnkell.

Margir túlka verkin sem ádeilu á loftslagsmál og umhverfisvernd. Var það markmið þitt með gerð verkanna?

„Nei, ég nálgaðist verkin fyrst og fremst út frá fagurfræði. Það sem mér fannst áhugavert við t.d. sorpið er spennan sem felst í þessum hliðarveruleika mannlífsins. Sorp er eitthvað sem við viljum helst ekki vita af en er samt svo stór hluti af okkur. Það er til marks um mannlíf og geymir endalausar upplýsingar um okkur. Mér fannst spennandi áskorun að reyna að umbreyta efniviðnum í andstæðu sína, draga fram fegurð í einhverju sem þykir hvorki fallegt né eftirsóknarvert.“

Brak eftir snjóflóð

Á sýningunni má sjá myndaseríuna „Tjónverk“ frá árinu 2021 þar sem efniviðurinn er sóttur í brotin skíði, stóla, spýtnabrak, snjóþotur og beygluð skilti í kjölfar snjóflóðs sem féll á skíðaskálann í Skarðsdal í Siglufirði.

„Þá var ég bara á rölti um skíðasvæðið og rakst á brak úr skálanum eftir þetta snjóflóð sem varð um veturinn. Skálinn splundraðist og brak úr honum var á víð og dreif í snjóskafli. Það var eitthvað „abstrakt“ við að sjá alla þessa liti og form í snjónum og það bara kviknaði á einhverju hjá mér og ég fór strax af stað. Ég ákvað að búa til skúlptúra úr þessu og fann fyrir tilviljun steyptan stöpul í nokkurra metra fjarlægð sem hentaði fyrir verkið. Mér fannst brakið svolítið eins og sprenging og að ég væri á vissan hátt að sýna augnablikið þegar skálinn splundraðist. Í verkinu mætast því sköpun og eyðilegging, einhvers konar hvellur sköpunar.“

Snjóflóð geta vakið erfiðar tilfinningar hjá Íslendingum. Varstu meðvitaður um þá ábyrgð sem fylgir því að skapa listaverk sem snertir á svo viðkvæmu máli?

„Já, ég var meðvitaður um það. Það voru ákveðnir hlutir sem ég þurfti að passa að væru ekki með, eins og munir sem væru of persónulegs eðlis og ég vona að ég hafi ekki teflt of djarft með þessu.“

„Ég verð bara heillaður“

Hrafnkell hlaut Íslensku myndlistarverðlaunin árið 2023 fyrir sýninguna *Auglýsingahlé* í Billboard þar sem óræðar hreyfimyndir birtust á 450 skjáum úti um alla borg, í strætóskýlum og á stórum auglýsingaskiltum. Þar vann Hrafnkell verk út frá uppstækkaðri ljósmynd frá Hubble-geimsjónaukanum sem sýnir vetrarbrautir í himingeimnum eins og þær voru fyrir milljónum ára. „Þessi verk skera sig svolítið úr fyrri verkum. Það hafði blundað í mér hugmynd að verki sem myndi miðla tilfinningu um víðáttu og tóm en það væri samt ekkert á myndinni og bara ímyndunaraflið sem tekur við þar sem vísindin enda. Ég ákvað að nota myndir af vetrarbrautum úr Hubble-sjónaukanum því kannski væri hægt að sjá lengra með því að fara inn í myndina úr honum. Ég stækkaði upp pixilinn og stillti til þar til einhverjar smáörður tóku að birtast. Þá var ég kominn með efnivið sem ég gat hlaðið upp og útkoman varð þessi verk.“

Spurður um uppáhaldsverk nefnir Hrafnkell nýjasta verkið sem hefur verið lengi í vinnslu og heitir „Uppskera“. „Það er skúlptúr sem ég ljósmyndaði á Mývatni og er gerður úr gömlum heyvinnsluvélum. Að baki liggur heilmikil vinna og ég þurfti hóp manna til þess að aðstoða mig og það var tæpt að það næðist að klára verkið fyrir sýninguna. Það væri óskandi að maður gæti einfaldað líf sitt og teiknað bara við skrifborð en öll þessi vinna sem liggur að baki verkunum gefur mér svo mikið.“

Þú virðist aldrei velja einföldustu leiðina og virðist jafnvel sækja í vesen. Hvað er það sem drífur þig áfram?

„Það er hugmyndin sem dregur mig áfram. Hún lætur mig ekki í friði þar til hún er orðin að veruleika. Ég verð bara heillaður. Maður gerir ekkert ráð fyrir veseninu og heldur alltaf að þetta verði ekkert mál en þetta verður alltaf aðeins meira umfangs. Hugmyndin bara stækkar.“

Eru verkin þín persónuleg að einhverju leyti?

„Já, þau eru mjög persónuleg. Það persónuleg að ég get eiginlega ekki rætt um það. Það væri of langt samtal. Það er betra að hefja slíkt samtal með þessari sýningu, benda á þræði og sýna hvert þeir leiða,“ segir Hrafnkell að lokum en sýning hans stendur til 7. febrúar.